

**18. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stíllholti
16-18,
27. júlí 2015 og hófst hann kl. 09:30**

Fundinn sátu:

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1504015 - Skagastaðir 2015

Umræður um ráðningu í stöðu verkefnisstjóra og framhald samnings við Vinnumálastofnun.

Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðsstjóra að auglýsa tímabundna stöðu verkefnisstjóra í atvinnumálum til áramóta.

2. 1507087 - Kynning á rannsóknarverkefni um heilsurækt eldri borgara

Kynning Janusar Guðlaugssonar á rannsóknarverkefninu "Fjölpætt heilsurækt í sveitarfélögum - Leið að farsælli öldrun".

Kjartan Kjartansson, framkvæmdastjóri hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða sat kynninguna. Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Janusi kynninguna. Ráðið er jákvætt fyrir þátttöku Akraneskaupstaðar í verkefninu og vísar ákvörðun um þátttöku til bæjarráðs. Sviðsstjóra falið að skrifa minnisblað fyrir bæjarráð.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:30.

Vilborg Þ. Guðbjartsd.
Gunnhildur Bj.
Einar Brandsson
Ingibjörg Pálmadóttir
Jón Hrói Finnsson